

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 323

desember 2020



We Serve

Desember 2020. Blað nr. 323
THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir




Fjölumðæmisstjórn:



Björn Guðmundsson, fjölumðæmisstjóri. Björn er félagi í Lionsklúbbum Hæng. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: bjorn@byggd.is



Jónas Yngvi Ásgrímsson, umdæmisstjóri 109 A. Jónas er félagi í Lionsklúbbum Dynk. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: jonas@simnet.is



Anna Fr. Blöndal, settur umdæmisstjóri 109 B. Anna er félagi í Lionsklúbbum Ylfa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: abl@raftakn.is

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2020-2021

Fjölumðæmisstjóri: Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur
Umdæmisstjóri 109A: Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur
Umdæmisstjóri 109B: Anna Blöndal Lkl. Ylfa settur umdæmisstjóri
Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn
Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi
Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Vara fjölumðæmisstjóri: Þorkell Cýrusson, Lkl. Búðardals
Protokol- og þingstjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar
Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur
Kynningarstjóri: Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Umhverfisstjóri: Ásgeir Þór Ásgeirsson, Lkl. Hængur
Ritsstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell Cýrusson, Lkl. Búðardals
Netstjóri: Sigurður Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi
GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni
GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun): Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa
GMT/konur í Lions: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals
GST stjóri: (verkefni) Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán
NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason, Lkl. Viðarr

Lestraráttaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir, Lkl. Úa
Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar
Hjálparstjórnastjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður
Ungmennaskiptastjóri (og verkefna): Pálmi Hannesson, Lkl. Garður
Laganefnd (form.): Gissur Júní Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar
LCIF stjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar
LCIF/IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik
Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold
MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir, Lkl. Eik
Menningarstjóri: Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá
New Voices stjóri: Íris Betty Alfredsdóttir, Lkl. Keili
Formaður Kjaransorðunefndar: Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán
Formaður þingnefndar: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi
Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.
Skoðunarmaður (aðal): Benjamín Jósefsson, Lkl. Akranesi
Skoðunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik
Skoðunarmaður (vara): Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla
Varaumðæmisstjóri 109A: Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, Lkl. Eir
Varaumðæmisstjóri 109B: Anna Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa
Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Íris Betty Alfredsdóttir, Lkl. Keili

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Sigurður Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2020 – 2021:

International President: Dr. Jung-Yul

Choi, Suður Kórea

Immediate Past President: Guðrún

Björt Yngvadóttir, Ísland

First Vice President: Douglas X.

Alexander, USA

Second Vice President: Brian E.

Sheehan, USA

Third Vice President: Dr. Patti Hill,

Canada

First Year Directors:

Michael D. Banks, United States;

Robert Block, United States;

Kyu-Dong Choi, Korea;

Larry L. Edwards, United States;

Justin K. Faber, United States;

Allan J. Hunt, Canada;

Daniel Isenrich, Germany;

Bent Jespersen, Denmark;

Masayuki Kawashima, Japan;

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico;

Nicole Miquel-Belaud, France;

VP Nandakumar, India;

Judge Christopher Shea Nickell, United

States;

Sampath Ranganathan, India;

Marciano Silvestre, Brazil;

Masafumi Watanabe, Japan;

Guo-jun Zhang, China.

Second Year Directors:

Muhammad Adrees, Pakistan;

Qazi Akram Uddin Ahmed,

Bangladesh;

Shoichi Anzawa, Japan;

Billy J. (B.J.) Blankenship,
United States;

Gary F. Brown, United States;

Rodolfo Espinal,
Dominican Republic;

Liao-Chuan Huang,
MD 300 Taiwan;

Jongseok Kim, Korea;

Dr. Nawal Jugalkishor Malu,
India;

Geoffrey Leeder, England;

Mark S. Lyon, United States;

Heimo Potinkara, Finland;

JP Singh, India;

Steve Thornton, United States;

Juswan Tjoe, Indonesia;

A. Geoffrey Wade, United States;

Dr. Walter Zemrosser, Austria

Upplag: Netútgáfa

Umbrot: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Dagný S. Finnsdóttir

Lionsklúbbum Úa



Lionsklúbburinn Njörður
óskar öllum lionsfélögum um land allt
gleðilegra jóla og farsælt komandi árs og þakkar
fyrir samstarfið á árinu sem senn er liðið.

Þú skiptir máli

Pistill Alþjóðaforseta



Heil og sæl lionsfélagar
Í samtökum sem telja fleiri en 48.000 klúbba og 1.4 milljón félaga þá hefur Lions tækifæri til að framkvæma stóra hluti í heiminum. Á Lionsárinu 2019-2020 framkvæmdu klúbbarnir okkar meira en 820.000 þjónustuverkefni og hjálpuðu 319 milljónum fólks. Þetta gerðum við með því að vinna saman.

Samt sem áður ætla ég í dag að minnst á kraft einstaklingsins. Á þeim erfiðu tímum sem snúa að veröldinni í dag, þá er auðvelt að finna sjálfan sig ekki skipta máli. Við hugsum að vandamál heimsins séu of stór fyrir einstakling að leysa. Kannski ertu of upptekinn til að fórna nægum tíma í verkefni eða kannski eru einhverjar hindranir sem gera það erfitt að þjóna á þann hátt sem þú vilt gera.

Sannleikurinn er sá að við þörfumst ykkar allra, hvers og eins. Einstaklingurinn getur skipt

máli. Við erum öll sérstök og getum fært öðrum eitthvað sem enginn annar getur. Við erum stærsta þjónustuhreyfing í heiminum, en við erum byggð upp af einstaklingum, fólki sem hefur stigið fram og sagt, „Ég skal gera það sem ég get“.

Og það er það sem skiptir máli.

Pakka ykkur fyrir góðvilja ykkar til heimsins og Lionshreyfingarinnar.

Ykkar einlægur

Dr. Jung-Yul Choi

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson



Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er þriðja tölublað starfsársins komið út sem eingöngu er gefið út rafrænt.

Það er greinilegt að margir klúbbar eru ekki með mikla starfssemi um þessar mundir og ber blaðið þess merki í færri greinum. Covid ástandið hefur mikil áhrif á starfið hjá okkur og er það miður en í raun er ekkert við því að gera nema að þrauka og fara svo á fullt þegar bólusetning hefur verið framkvæmd sem gæti verið á vormánuðum. Margir klúbbar sem og yfirstjórnir okkar hafa notað tæknina og fundað í gegnum Zoom sem hefur tekist með miklum ágætum. Þeir fundir eru góðir en að mínu viti koma aldrei alveg í staðinn fyrir hefðbundna fundi þegar við hittumst

augliti til auglitis. Nú hafa bæði umdæmin haldið sinn annan umdæmisfund og eins fjölumdæmið sem hélt sinn annan fund laugardaginn 28. nóvember. Ég var þátttakandi á þeim fundi og tókst hann að mínu viti vel og umræður voru góðar.

Nú fer að styttest í hátíð ljós og friðar og þá fer daginn aftur að lengja með aukinni bjartsýni með starfið okkar og að okkur takist að leggja þessa veiru að hólmi svo að öll starfsemi okkar geti farið af stað. Í blaðinu eru margar ágætar greinar sem ég hvet ykkur til að lesa bæði frá klúbbum og eins er grein sem ég hvet ykkur til að lesa um sykursýki frá Rafni Benedikssyni prófessor í innkirtla sjúkdómum. Ég hvet ykkur góðu lesendur að lesa einnig hugvekju Guðrúnar Bjartar.

Sú nýjung var tekin upp í síðasta blaði að vera með ljósmyndasíðu sem ég vel síðan forsíðumynd blaðsins úr og gafst þetta vel og held því því áfram í þessu blaði. Að þessu sinni var það Dagný S. Finnsdóttir sem tók forsíðumyndina.

Ég óska ykkur kærur lionsfélagar og aðrir lesendur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Skilafrestur á efni í næsta blað er 11. febrúar

Hátíð ljóss og friðar

Guðrún Björt Yngvadóttir Annar

Fyrirverandi Alþjóðaforsætli Lions
Formaður Alþjóðahjálparsjóðsins



Aðventan er tími eftirvæntingar og tilhlökkunar. Framundan er hátíð ljóss og friðar og bráðum fer daginn aftur að lengja. Aðventan vekur okkur til umhugsunar um gildi jólaanna, okkar eigin lífsgildi og grunngildin í samfélaginu. Könnun hefur leitt í ljós að mikilvæg gildi í hugum Íslendinga eru m.a. heiðarleiki, virðing, réttlæti, jafnrétti, kærleikur, ábyrgð og traust. Þessi gildi eru líka samfléttuð markmiðum og siðareglum Lions og endurspeglast í starfi lionsklúbba.

Boðskapur jólaanna á erindi við okkur öll, þó við leggjum ólíka merkingu í hann eftir aðstæðum. Inntak jólaboðskaparins byggist á

von um sigur lífs og ljóss. Við fögnum fæðingu frelsarans, Jesúbarnsins, sem var lagður í jötu. Hann óx upp og dafnaði að visku og vexti og kom með nýja lífssýn. Hann varð mikill leiðtogi, sem var hógvær og vann verk sín með kærleika. Hann minnti okkur á þjónustuskyldu hvert við annað og í þeim anda starfar Lions.

Lions rúmar ólíka menningu og margvísleg trúarbrögð. Við erum alþjóðleg hreyfing og við vinnum þvert á landamæri og menningarheima. Við réttum hjálparhönd, öflum fjár og styrkjum verkefni víða um heim. Melvin Jones og frumkvöðlar Lions, þekktu og viðurkenndu þjónustuskylduna og stofnuðu þjónustuhreyfingu, sem er í dag sú fjölmennasta í heimi. Þeir öxluðu ábyrgð og héldu með hugsjónina út í heim. Í dag eru 48.000 lionsklúbbar í yfir 200 löndum. Við leggjum lið þeim sem minna mega sín, sama hvaða menningarheimi þeir tilheyra, stjórnmálaskoðanir sem þeir hafa, eða trúarbrögð sem þeir aðhyllast.

Hlutverk okkar er stórt og þörfin er mikil. Eitt af því ómetanlega í Lions er að klúbbarnir starfa bæði fyrir nærsamfélagið og í fjarlægum löndum. Við vitum að það sitja ekki allir við allsnægtaborðið. Á meðan jólahátíð stendur sem hæst í Evrópu deyja þúsundir manna úr hungri í Afríku. Vegna örhlætis lionsfélaga getur Alþjóðahjálparsjóður Lions - LCIF sinnt brýnum vanda og mætt þörfum margra hópa víða um heim.

Það er stórkostlegt, að á sama tíma og við heidrum og þökkum með MJF-viðurkenningu,

erum við að leggja lið með LCIF. Það er að stórum hluta vegna vaxandi fjölda MJF-tilnefninga, að LCIF hefur getað sinnt mannúðarmálum af svo miklum krafti um allan heim. Fyrir hönd LCIF og fyrir hönd skjólstaðinga okkar, þakka ég ykkur íslensku lionsfélagar fyrir stuðning og skilning. Takk fyrir að sinna heimabyggð og heimsbyggð af sömu ábyrgð og trúmennsku.

Um jólin gleðjumst við með fjölskyldu og vinum, borðum góðan mat, hlustum á fallega tónlist, tendrum ljós, skeytum inni og úti. Við gerum vel við okkur, við gefum gjafir og sendum hvert öðru hlýjar kveðjur. Svo sannarlega kalla jólin fram það besta í okkur. Á aðventunni undirbúum við þessa miklu hátíð með fjölskyldu og vinum.

Aðstæður okkar á þessari aðventu eru ekki þær sömu og í fyrra. Hvernig sköpum við aðventu- og jólastemningu í skugga heimsfaraldurs? Það hefur sjaldan verið mikilvægara en núna að minna á fagnaðarerindið. Við þörfumst enn frekar hátíðar ljóss og friðar, við þurfum að heyra jákvæð og falleg skilaboð. Við skulum leyfa okkur að hlakka til jólaanna, rækta barnið í okkur, færa gleði og von inn í líf okkar og annarra, styrkja fjölskylduböndin og rækta vináttuna.

Kæru Lionsfélagar, ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Guðrún Björt Yngvadóttir

Minning + Magnús Ágústsson



Nú er elsti félagi okkar í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar fallinn frá, Magnús Ágústsson varð 93 ára gamall. Hann var góður drengur og hvers manns hugljúfi og mætti á fundi í klúbbum fram á síðasta dag. Fimmtudagurinn 12 nóvember átti að vera reglulegur fundur samkvæmt fundu áætlun okkar en vegna veirunnar sem nú herjar á landsmenn, var breitt um fundarform og fjarfundur boðaður seinni part dagsins. Fjarfundataeknin hefur rutt sér til

rúms hjá okkur lionsmönnum þótt flestir séum við farnir að reskjust. Laust fyrir hádegi þennann umrædda dag tilkynnti Magnús um komu sína á fundinn en hann var allur þegar fundurinn hófst síðdegis. Magnús var mörgum góðum kostum gæddur, sem siglingafræðingur á flugvélum fyrri tíma og síðar flugumsjónarmaður öðlaðist hann

þekkingu og vísýni sem var honum og okkur hinum ómetanleg. Magnús lagði gott til allra og návist við hann var þægileg. Vísýni hans var viðbrugðið, hann hafði fallega söngródd og var ágætur hagræðingur. Varla er hægt að segja að hann hafi misst úr fundu alla veru sína í klúbbum enda fékk hann viðurkenningu fyrir hundrað prósent mætingu í klúbbum í marga áratugi.

Á síðustu árum þegar Magnús átti orðið erfðara með gang og hafði orðið að leggja bílnum, þá fékk klúbburinn tækifæri til að beina markmiðum sínum innávið í klúbbum og góðir félagar sóttu hann til heim til sín og tóku hann með sér á fundu svo við fengum að njóta samveru hans fram á síðasta dag.

Við félagarnir söknum Magnúsar, aldrei kom upp það mál í klúbbum að hann sæi ekki á því bjartar hliðar. Við kveðjum nú góðan dreng og vottum fjölskyldu hans okkar dýpstu samúð.

F.h. Lionsklúbbs Hafnarfjarðar
Halldór Svavarsson

Fréttir af fjölumdamisstjórnarfundi

Björn Guðmundsson

fjölumdamisstjóri MD 109



Laugardaginn 28. nóvember var annar fjölumdamisstjórnarfundur starfsársins haldinn. Fundurinn sem var netfundur hófst kl. 10 og lauk kl. 13.30. Fundurinn var hefðbundinn skýrsluskilafundur þar sem að embættismenn hreyfingarinnar sögðu frá sínu starfi. Vegna núverandi aðstæðna þá hefur starf hreyfingarinnar breyst talsvert en lionsfélagar hafa verið hvattir til þátttöku í hinum ýmsu verkefnum s.s. göngum, birkifrættýnslu og gleraugnasöfnun. Fjölmarginir klúbbar hafa

haldið fundi og margir funda orðið reglulega á netinu. Rétt er að geta þess að hreyfingin hefur aðstoðað klúbba við slíkt m.a. hefur fræðsluteymið sett saman leiðbeiningar um notkun á ZOOM netforritinu. Stefán Árnason fjölumdamisgjaldkeri fór yfir drög að uppgjöri starfsársins 2019-2020 og er staðan traust. Kostnaður hreyfingarinnar lækkaði nokkuð á síðasta ári m.a. þar sem ekki var haldið umdæma og fjölumdamisþing.

Framtíðin

Í lok fundarins kynnti Guðrún BjörtYngvadóttir, fyrrverandi alþjóðaforseti, stefnumótunavinnu sem unnið er að á vegum alþjóðastjórnar. En um er að ræða framhald stefnunar LCI forward og í raun útvíkkun á þeirri stefnu. Í máli Guðrúnar kom fram að nauðsynlegt væri fyrir hreyfinguna að endurskoða markmið sín og stefnu þannig að hún talaði alltaf til mismunandi hópa og breyttist með tíðarandanum.

GAT teymi fjölumdamisins kynnti afrakstur vinnu teymisins um framtíðarsýn fyrir Lionshreyfinguna. Nú eru um 2.000. félagar í hreyfingunni og hefur þeim fækkað um 7-8% á tveimur árum. Sama þróun er á hinum norðurlöndunum þannig að ástandi virðist ekki vera bundið við Ísland. Vinna hópsins miðar að því að greina styrkleika og veikleika

hreyfingarinnar, marka framtíðarsýn og gera aðgerðaráætlun. Það er þó ljóst að við vinnum ekki slíka aðgerðaráætlun einu sinni heldur er það þannig að áætlunin sem slík verður að taka mið að breytingum í samfélaginu hverju sinni.

Að lokum

Að starfa í Lionshreyfingunni er teymisvinna, teymunum gengur aldrei betur heldur en þegar gott samstarf næst og meðlimir teymisins deila hugmyndum og úrlausnum á verkefnum. Þegar unnið er í teymi þarf maður að vera ófeiminn við að fá álit annarra því betur sjá augu en auga. Það sem hefur gengið vel hingað til á starfsárinu er að teymin hafa unnið vel saman, þar nægir að nefna félag, verkefna, kynningar og fræðsluteymin. Það verður spennandi að sjá hverju fram vindur og hver verður ávinningur hreyfingarinnar af þeirri vinnu í vor.

Að lokum óska ég lesendum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Úur á fleygiferð

Þó að haustið hafi tipplað í spor sumarsins á all óvenjulegan hátt hefur Lionsklúbburinn Úa ekki látið það slá sig út af laginu. Í gegnum tölvuskjáið hafa félagskonur hist á sínum fundum, þar hafa málin verið rædd og afgreidd, slegið á létta strengi og jafnvel reyndu þær að taka lagið saman.

Úu konur tóku þátt í að safna birkifræjum. Þær skottuðust saman inni í skógarlundum og kjarri, og söfnuðu fræjum í kassa, sem þær skiluðu á tilsetta staði. Nú bíða þær bara eftir að sjá heilu skógana rísa svo þær geti farið í piknik ferð saman.

Í október er mánuður sjónverndar. Þá tóku Úur ásamt öðrum Lionsfélögum, þátt í að safna notuðum gleraugum sem leynast á mörgum heimilum. Gleraugun verða síðan send til Danmerkur þar sem þau eru mæld og yfirfarin og síðan send til þeirra sem á þurfa að halda.

Eitt af stóru verkefnum sem Lions hreyfingin hefur látið sig varða í gegnum árin er vitundarvakning um sykursýki sem með breyttum lífsstíl er ört vaxandi sjúkdómur. Í nóvember hafa Úu konur ætíð tekið þátt í blóðsykursmælingum í bæjarfélaginu, en þar sem Covid stjórnar okkur sem stendur, er það ekki framkvæmanlegt. En eins og Lions

félögum einum er lagið, leggja þeir ekki árar í bát heldur stýra duggunni nýja leið. Og sú leið er að hvetja fólk til að fara út að "Arka". Þetta kallast "Að arka til vitundarvakningar um sykursýki tvö" Og á okkar stórkostlegu tækniútmum, þar sem allir eru með símann á milli handanna er ekki annað að gera en að setja app/forrit í símann sem heitir „Charity Miles“. Þegar inn í appið er komið velur þú góðgerðarmál sem heitir „Sight for kids“. Og þá er komið að því að klessa húfu á hausinn, reima á sig skóna, opna forritið, og tilkynna tækinu að þú sért tilbúinn að fara út að arka. Bingó!

Ef þú ert að velta því fyrir þér hvað þetta muni kosta þig, þá er því fljót svarað. EKKI NEITT. Þetta mun aðeins kosta þig betri heilsu og meiri vellíðan. Úu konur eru sem sagt allar komnar á fleygiferð, með appið í símunum og það má koma auga á þær eins og fjallageitur út um allar koppa grundir, rjóðar og sællegar.

Fyrir hönd Lkl. Úu
Signý Sigtryggsdóttir

Sykursýki

Rafn Benediktsson prófessor í innkirtla sjúkdómum

Sykursýki sem er vá sem steðjar að jarðarbúum með vaxandi þunga og er Ísland þar ekki undanskilið. Um 9 af hverjum 10 með sykursýki er með tegund 2 sem flestir tengja við fullorðinsár. Sykursýki 1 getur reyndar líka greinst í fullorðnum og tegund 2 jafnvel í börnum.

Sykursýki 2 er oft falinn sjúkdómur, sem læðist að og við áttum okkur oft ekki á einkennum sem eru gjarnan þreyta, slen, þorsti, aukin þvaglát, þokusýn ofl. Að vera með sykursýki felur í sér mikinn aukakostnað fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið. Verstar eru þó afleiðingarnar í formi fylgikvilla sjúkdómsins til lengri tíma sem eru meðal annars blinda, nýrnabilun og aflimanir en helstu dánarorsakirnar eru hjartaáföll, slag og aðrir æðasjúkdómar.

Ef frá er talin ættarsaga er sterkasti breytanlegi áhættuþáttur sykursýki 2 ofþyngd og hreyfingarleysi. Það er vel stutt rannsóknunum að koma má í veg fyrir allt að helming tilfella af sykursýki 2 með forvörnum sem taka á ofþyngd og hreyfingarleysi.

Lions hefur helgað sig baráttunni gegn sykursýki um árabíl og notað alþjóða sykursýkisdaginn 14. nóvember til sérstakrar vitundarvakningar. Lions á Íslandi er þar enginn eftirbátur og flestir klúbbar hafa á þessum degi boðið upp á frjár blóðsykursmælingar fyrir almenning í samráði við fagfólk á hverjum stað. Þetta ár er öðruvísi vegna COVID-19 og Lions getur ekki boðið upp á þessar mælingar en það er þá þeim mun mikilvægara að nota aðrar aðferðir til þess að vekja fólk til vitundar.

Lions hefur í samvinnu við fagaðila látið hanna myndir sem fela í sér skilaboð og má dreifa þeim með samfélagsmiðlum, t.d. ein á dag þennan mánuðinn. Lions hefur einnig í samvinnu við alþjóðasamtök um sykursýki (IDF) bent á reiknivél á netinu sem kallast „Test2Prevent“ (<https://www.idf.org/type-2-diabetes-risk-assessment/>) en þar geta einstaklingar áttað sig á því hvort þeir séu sjálfir í mikilli áhættu. Sé svo er mikilvægt að grípa til aðgerða og jafnvel tala við sína heilsugæslu varðandi mælingu á blóðsykri og öðru sem tengist sykursýki eins og blóðfituröskun og háþrýstingi.

Hver klúbbur getur einnig stuðlað að almennum forvörnum í sinni heimabyggð með ýmsum hætti eins og að efna til gönguhópa undir kjörorðinu „Örkum“. Það þarf auðvitað að muna eftir metrunum tveimur en það er í raun óendanlegt hvað hægt er að gera þó hópar megi ekki vera mjög stórir eða þéttir. Eitt dæmi um það er „mínútur sem um munar“ sem er einskonar keppni sem snýst um að mæla tíma sem fer í upplýsandi eða fræðandi athafnir tengdar sykursýki. Allt leggur þetta sitt lóð á vogarskálarnar – safnast þegar saman kemur. Tengil á þetta gagnasafn má finna hér <https://www.lionsclubs.org/en/start-our-global-causes/diabetes/world-diabetes-day>.




Lionsklúbburinn Þernan

Við Þernurnar, lionskonur á Hellissandi höfum verið að gera ýmislegt á þessu starfsári þótt við höfum ekki verið mikið að hittast eða funda. Við gátum haft fund í september og síðan höfum verið í sambandi á Facebook hópnum okkar. Veit ég að flestar okkar eru orðnar langþreyttar á þessu ástandi og hlakka til að geta komið saman.

En verkefnin sem við höfum verið að fást við í haust eru birkifraesöfnun og sáning á svæðinu fyrir ofan plássíð. Svo vorum við ásamt Ránarkonum í Ólafsvík með gleraugna söfnun sem gekk mjög vel.

Árlegt bingó (á fyrsta vetrardag) fyrir eldri borgara á dvalarheimilinu Jaðri var haldið nokkrum dögum síðar og var það með svolítið breyttu sniði, þar sem starfsfólk sá um það en Lionsklúbbur Þernurnar sáu um vinningana og bakkelsið eins og áður hefur verið. Var þetta gott og skemmtilegt bingó með fjöldann allan af vinningum. Í hópi eldri borgara reyndist vera afmælisbarn og fékk hún sherry flösku að gjöf sem gerði góða lukku.

ARKA verkefnið sem er að (hvetja til vitundarvakningar um sykursýki) hefur verið í gangi í nóvember og hafa lionskonur tekið þátt í því eins og aðrir og verið duglegar að labba. Svo biðum við bara eftir að geta/mega gera eitthvað fljótlega. Læt ég þetta duga að sinni og kveð með kærri kveðju frá okkur Þernukonum.



Lionsklúbburinn Eir

Jólasala Lkl. Eirar


Lkl. Eir er með minnstu Lionsklúbbnum á landinu. Engu að síður eru félagamir virkir og samhentir. Áður fyrr var aðalfjáröflun klúbbsins sala á bíomiðum og var samstarf við Háskólabíó mjög gott. Eftir því sem klúbburinn minnkaði og hnignaði varð erfiðara að selja upp þúsund miða í stórt bíó og einbeittu félagsmenn sér að selja miða í minni sal í samstarfi við Laugarásbíó.

Framkvæmdin var með því sniði að bíóið bauð klúbbnum að taka valda kvikmynd í forsölu. Kynna hana með heilsíðuauglýsingu í dagblöðunum og selja svo vinum og vandamönnum miða á forsyninguna.

Nú eru þeir tímar runnir upp á fólk fer lítið í bíó, þegar efnisveitur eins og Netflix, Apple TV og fleiri og fleiri slíkar eru aðgengilegar á flestum heimilum. Því höfum við verið að velta fyrir okkur öðrum leiðum til fjáröflunar.

Ýmislegt hefur verið prófað en í því árferði sem nú ríkir er helsta von okkar að selja afurð í gegnum Facebook.

Í fyrra var gerð tilraun til að selja sælgætiskransa fyrir jólin og gekk það vonum fram. Við endurtökum leikinn í ár. Félagar komu saman mánudaginn 23. nóv. sl. og hnýttu í kransa sem voru svo keyrðir heima að dyrum kaupenda.



Minning + Þórhallur Arason



Kveðja frá Lionsklúbbnum ÆGIR Reykjavíki.

Þórhallur Arason var fæddur við Patreksfjörð 28. júlí 1923. Hann lést á Landakoti 8. nóvember 2020.

Þórhallur gekk til liðs við Lionsklúbbinn ÆGIR í apríl 1973. Í minningum sínum ritaði hann; „Ég hreyfst af Lionshugsjóninni, sem beinist að því að leggja lið þeim sem bágð eiga og halloka hafa farið í lífinu, eins að styrkja og styðja allskonar menningar, mannúðar og líknarstarfsemi til góðs fyrir samfélagið og samborgarana“.

Þórhallur varð strax eftir inntöku í Lionsklúbbinn ÆGI mikill og sterkur liðsmaður. Hann varð strax gjaldkeri klúbbsins síðan formaður 1979-1980, svæðisstjóri 1981-1982, gjaldkeri umdæmisþings 1982, útbreiðslustjóri 1982-1983, umdæmisritari 1983-1984 fjöllumdæmisritari 1984-1985 og umdæmisstjóri 1986-1987. Öll þessi embætti í Lionshreyfingunni höfðu í för með sér mikil ferðalög og margar kvöldstundir að heiman, umdæmisstjórar þurfa að heimsækja alla Lionsklúbba í umdæminu sem náði frá Hvalfirði austur til Vopnafjarðar. Auk allra þessa embætta var Þórhallur stöðugt að hvetja félagsmenn til dáða og kenna arftökum á hinum ýmsu sviðum hreyfingarinnar auk þess að stofna nýja lionsklúbba og lionssuklúbba. Einnig sótti Þórhallur hin árlegu Lionsþing á Norðurlöndum og einnig alþjóðþing Lions International árið 1986 sem var haldið í New Orleans USA.

Hjálparverkefni af því tagi sem Lions vinnur að þurfa fjármagn. Þar voru þeir samtímamenn Þórhalls í hreyfingunni m.a. Gunnar Ásgeirsson og Svavar Gests framsýnir þegar þeir byrjuðu með hin rómúðu „Kútmagakvöld“ sem haldin hafa verið á Hótel Sögu í meira en 50 ár.

Það er mikil gæfa Lionsklúbbsins ÆGIS að hafa frá upphafi bundist hinu merkilega starfi á Sólheimum í Grímsnesi sterkum böndum sem og Sesselju Signundsdóttur sem stofnaði heimilið fyrir fötluð börn og fagnar á þessu ári 90 ára afmæli. Þetta er Lionshugsjóninni, framsýni og framkvæmdasemi félagsmanna ÆGIS, mönnum eins og Þórhalli Arasyni fyrir að þakka. Þórhallur sagði í minningum sínum að Sesselja hafi sagt að klúbburinn hafi í raun bjargað sér og starfseminni á Sólheimum þegar mest lá við.

Að lokum er ekki síst að minnast eins mesta afreks Þórhalls innan Lionshreyfingarinnar, en það var ritun 50 ára sögu Lionsklúbbsins ÆGIS sem var stofnaður 6. mars 1957. Þar er mikilvæg saga klúbbsins rakin í máli og myndum auk verkefna hans, ekki síst á Sólheimum sem sagt hefur verið það víðamesta sem einn klúbbur á Norðurlöndunum öllum, jafnvel á heimsvísu, hefur fengist við.

Félagar Lionsklúbbsins ÆGIS þakka Þórhalli Arasyni fyrir hans óeigingjarna starf fyrir klúbbinn og hreyfinguna alla, hans arfleidd lifir um ókomna tíð.

Klúbburinn sendir kærar samúdarkveðjur til fjölskyldunnar.

*F.h. Lionsklúbbsins ÆGIR
Ómar Ólafsson formaður*

Lionsstarf í Covid19

Þóra Bjarney Guðmundsdóttir

Annar varaumdæmisstjóri 109 A



Oft er talað um óvenjulega tíma þegar vitnað er til ástandsins í heiminum um þessar mundir. Nú þegar hættulegur vírusfaraldur gengur yfir heimsbyggðina og skorður settar á athafnir fólks þá erum við ekki að halda formlega fundi.

Það er hinsvegar mjög mikilvægt að félagsleg samskipti á milli fólks geti gengið fyrir sig með sem mest eðlilegustum hætti. Lionsstarfið byggir á samveru í formi funda og sameiginlegra máltíða. Sóttvarnareglur heimila ekkert slíkt, hámark sett á fjöldann á hverjum fundi.

Sumir klúbbar hafa ekki komið saman um nokkurra mánaða skeið. Af því gæti leitt að félagar hætti þátttöku sinni í klúbbum sínum. Í slíkum aðstæðum er mjög mikilvægt að hugað sé að líðan og velferð félaganna, annað hvort með símtölum eða í gegnum veraldarvefinn.

En kannski er ekkert alvont í þessum aðstæðum. Við sem hreyfing höfum tileinkað okkur tæknina. Nú geta formenn klúbba fengið aðgang að forritinu Zoom og haldið uppi fundarhöldum í gegnum það.

Þegar hafa verið haldnir fundir í umdæmisstjórnnum með Zoom tækninni og gengið mjög vel. Einn lionsklúbbur bauð til fundar í fundarsal og sendi fundinn jafnframt út í gegnum Zoom. Á fundinn mætti leyfilegur hámarksfjöldi en nokkur hópur sat framan við tölvuna sína og fylgdist með fundinum á netinu.

Kannski verður þessi tækni til að gera okkur auðveldara að ná til þeirra aðila í umdæmisstjórnnum sem búa í hinum dreifðu byggðum landsins. Og það væri vel.

Fjáraflanir með nýjum hætti

Margir klúbbar hafa haldið fjáraflanir með Herrakvöldum, Villimannakvöldum, Kúttmagakvöldum, tónleikahaldi og þannig mætti lengi telja. En um þessar mundir eru litlar líkur á að slíkar leiðir til fjáröflunar séu greiðar. Við þurfum því að stokka spilin upp á nýtt og leita nýrra leiða.

Lkl. Ægir hefur boðið upp á síld í sölu og notað til þess tengslanet félagsmanna á Facebook. Sú sala hefur gengið vel. Lkl. Eir er að selja fallega jólakransa og eru þeir til sölu á netinu í gegnum tengslanet félagsmanna á Facebook. Verslanir eru flestar farnar að bjóða varning sinn á netinu til sölu og netsala stóraukist frá því áður var.

Lionsklúbbarnir ættu því að líta til nýrra leiða til að afla fjár og virkja þá veraldarvefinn, og tengslanet félagsmannanna.

Eitthvað nýtt og spennandi.

Í byrjun starfsárs var ákveðið að endurvekja þátttöku í friðarveggsjaldakeppninni héraendis. Varaumdæmisstjórn beggja umdæma var falið verkefnið en vegna covid19 var ekki hægt að koma þessu í framkvæmd í ár, verður beðið til næsta árs, samt sem áður ákváðum við að halda áfram undirbúningi og vera tilbúin þegar færi gefst og miða á næsta skólaár, þetta er verkefni fyrir 11 til 13 ára grunnskólabörn. Verkefnið verður kynnt í klúbbum á nýju ári.

Kæru Lionsfélagar höldum áfram veginn til góðs, ég efast ekki um að við komum sterkari með góða og gagnlega reynslu og þekkingu eftir þetta skritna ástand.

Gleðileg jól og farsæld.
Friður fyrir alla.

Hvernig

drepum við góðar hugmyndir?



- ✦ Þessi hugmynd er fáránleg
- ✦ Það er búið að reyna þetta
- ✦ Það kostar of mikið
- ✦ Það er ekki hægt
- ✦ Það er of róttækt
- ✦ Við höfum ekki tíma til þess
- ✦ Við erum of fámenn
- ✦ Það er ekki inni í fjárhagsáætluninni
- ✦ Setjum þetta í nefnd
- ✦ Það verður of erfitt
- ✦ Við höfum aldrei gert svoleiðis áður

Hjálparsjóður Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur

Munum eftir Hjálparsjóðnum,
öll framlög í hann skipta máli.
Upplýsingar eru á skrifstofu
Lions

Umdæmisstjóri 109 A

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Umdæmisstjóri 109A



„Tíminn líður hratt“ var sungið hér um árið. Það hefur ekkert breyst. Árið 2020 er nú að renna sitt skeið með öllum sínum flækjum og vandamálum og framundan eru bjartari tímar.

Á Íslandi eru starfandi 89 Lionsklúbbar, mis-kröftugir, mis-fjölmenntir og mis-gamlir. Í umdæmi 109A er elsti starfandi klúburinn Lionsklúbbur Reykjavíkur stofndagur 14.08.1951 og í honum eru 32 félagar og sá nýjasti er Lionsklúbburinn Freyja með stofndag

01.09.2020 með 46 félagum. Heildarfjöldi félaga í 109A er 1.230 félagar og vantar 20 félagum uppá til að við náum 1.250 félagum markinu. Margir klúbbar eru vel stæðir af félögum en til eru dæmi um klúbba með 2 – 13 félagum og það liggur nærri að erfitt hlýtur að vera að halda úti félagastarfi þegar klúbbar eru svo fámennir. Ljóst er að það þarf að bregðast við og fjölga félögum ef ekki á illa að fara. Hitt áhyggjuefnið er síðan hár meðalaldur félaga en það eru vel þekkt dæmi um klúbba þar sem meðalaldur er yfir 70 ár.

Stjórnir klúbbana þurfa að skoða hvernig þeir sjá fyrir sér stöðu klúbbsins eftir 5 ár eða jafnvel 10 ár. Ef ekkert er að gert þá mun klúbbur þar sem meðalaldur félaga er 70 ár í dag að öllu óbreyttu vera með meðalaldur 80 ár að 10 árum liðnum. Það er ljóst að eitthvað verður að gera. Með því að bæta inn einum og einum félagum er endurnýjun hæg og einn af öðrum hætta klúbbarnir og þá mun Lionshreyfingin á Íslandi líða undir lok.

Ef við ætlum okkur að lifa áfram sem sú góða hreyfing sem við vissulega erum þá þurfum við að grípa til róttækra aðgerða. Því miður eru sumir klúbbar sem hafa gefið það út að þeir ætli sér ekki að bæta inn félögum, þeir séu sáttir við stöðuna eins og hún er. Við eigum alls ekki að sætta okkur við stöðuna. Við eigum að fjölga félögum með öllum ráðum.

Ef forysta klúbba setur þá stefnu að klúbburinn eigi að hverfa með síðasta félaganum þá er ekki sannur Lionsandi að störfum. Af hverju eigum við ekki að bjóða öðrum að taka þátt í uppbyggjandi félasstarfi með góðgerðarmál að leiðarljósi? Við verðum að opna alla klúbba og bjóða þeim sem vilja ganga í klúbbinn okkar velkominn. Við eigum að bjóða nýbúa velkomna, við eigum að skoða alvarlega hvort klúbburinn okkar þurfi að breyta um stefnu og verða blandaður klúbbur, við eigum að skoða hvort samvinna klúbba geti styrkt okkur sem heild.

Í umdæmi 109A hefur verið stofnuð framtíðarnefnd undir stjórn Írisar Bettýar Albertsdóttur, annars varaumdæmisstjóra, og mun sú nefnd fara yfir hvaða ráð eru möguleg til að snúa þróuninni við. Þessi nefnd mun meta stöðuna og skoða hugsanlegar aðgerðir til að auka veg Lionshreyfingarinnar á Íslandi og hefja hana aftur til þeirrar virðingar sem hún áður naut.

Guðjón Andri Gylfason, umdæmisstjóri 109B, hefur tilvitnun í Henry Ford í hávegum: „Ef við gerum alltaf það sama og við höfum alltaf gert, fáum við aðeins það sem við höfum alltaf fengið“. Hugsum um þetta og finnum nýjar leiðir og á endanum finnum við leiðina sem virkar.



Lionsklúbbur Ísafjarðar

Nýlega færði Lionsklúbbur Ísafjarðar dagdeild fyrir eldri borgara, hægindastól að gjöf. Dagdeildin er staðsett á Hlíf þar sem eru þjónustuíbúðir aldraðra. Stóllinn er rafknúinn, hann aðstoðar fólk við að standa upp og hentar því afar vel. Stóllinn er kominn í notkun er formleg afhending verður að bíða betri tíma vegna sóttvarnaregla.

Ábending til lionsklúbba um fjáröflun, t.d. með sölu og eða skötuveislu.

Eins og undanfarna áratugi hefur Lionsklúbbur Ísafjarðar verkað í vetur skötu, tindabikkju. Við leggjum kapp á að hafa aðeins úrvalsskötu á boðstólum. Skötuverkunin er byggð á gömlum grunni og eins og gengur er aðferðin leyndarmál. Stuðst er við áratuga gamla kæsingaraðferð. Allir ættu að geta fengið ljúffenga þorláksmessuskötu, borða mikið af henni og losna þannig við að fá flensu.

Upplýsingar gefur Ernir Ingason formaður Lionsklúbbs Ísafjarðar sími 892 3696 netfang ernir2@simnet.is



Lionsklúbbur Vestmannaeyja styrkir Slökkvilið Vestmannaeyja við kaup á nýjum búnaði

Lionsklúbbur Vestmannaeyja heimsótti Slökkvilið Vestmannaeyja snemma í haust og ætla í samstarf með slökkviliðinu að fjármagna kaup á þremur til fjórum eiturefnagöllum. Þessir gallar eru sérstaklega hannaðir og ætlaðir til notkunar í mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun þegar slökkviliðsmenn þurfa aukna vernd gegn hættulegum, eitruðum og ætandi efnum við störf sín hvort sem þau eru í gas- eða fljótandi formi. Þeir eru hins vegar ekki ætlaðir til notkunar í eldi eins og hefðbundinn eldgalli slökkviliðsmanns.

Þessi efni eru víða

Friðrik Páll Arnfinnsson, slökkviliðsstjóri hjá Slökkviliði Vestmannaeyja (SLV) segir þörfina fyrir galla eins og þessa mjög brýna. Hann segir sína menn hafa lent í atvikum þar sem þeir hafa þurft að nota svona galla m.a. ammoníak- og sýrulekum. Þar sem notkun á rafhlöðum eykst nú hratt m.a. í bílum og farþegaferjum og hættur sem því fylgja eru ekki að fullu komnar í ljós ennþá er talið nauðsynlegt að slökkviliðið komi sér upp viðeigandi búnaði til að takast á við þessar hættur þegar- og ef þær koma. Bruni í rafhlöðum myndar flúrgas sem er mjög skaðlegt mönnum og umhverfi. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum eru lögum samkvæmt á herðum slökkviliðsmanna og þennan búnað er nauðsynlegt að eiga til að geta brugðist við þannig slysum. Hættur eru reyndar mismiklar og stórar eftir sveitarfélögum en þessi efni eru ansi víða og nauðsynlegt að hafa traustan og viðurkenndan hlífðarbúnað í þeirra störfum. Friðrik Páll segir að með þessum nýja búnaði verði slökkviliðið orðið nokkuð vel útbúið til að sinna öllum minniháttar aðgerðum sem og fyrstu aðgerðum í stærri tilvikum eða þangað til að þeim bærast frekari aðstoð frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) en samningur um samstarf í málum sem þessum á milli SLV og SHS var undirritaður nú fyrir skömmu síðan. Friðrik Páll segir að kostnaður við hvern galla sé u.þ.b. 400.000 krónur og stuðningur Lionsklúbbsins því mjög mikilvægur. Lionsklúbburinn gaf fyrir örfáum árum SLV mjög öflugar björgunarklippur og segir Friðrik Páll það algjör forréttindi að hafa svona vel viljuð og öflug félagasamtök í bæjarfélaginu sem bjóða fram aðstoð sína við uppbyggingu á tækjakosti slökkviliðsins og fyrir það erum við óendanlega þakklát þar sem þetta er yfirleitt sérhæfður og kostnaðarsamur búnaður sagði Friðrik Páll að endingu.



Heimsókn til slökkviliðsins



Heimsókn til slökkviliðsins



Heimsókn til slökkviliðsins



Verkefnanefnd og fjárfunarnefnd gengur frá bréfum til útsendingar í fyrirtæki

Slökkvilið Vestmannaeyja flytur í nýtt húsnæði næsta vor og þá er fyrirhugað að afhenda þennan nýja búnað.

Klúbbstarfið

Fréttir af starfinu í vetur eru góðar og hefur náðst að halda tvo fundi í haust og síðan hafi verið nefndarfundir með stjórninni og nokkrir vinnufundir með forystufólki Heibrigðisstofnunar Suðurlands og einnig bæjarstjóranum okkar Írisi Róbertsdóttur sem hefur verið mjög öflug að berjast við kerfið með okkur í sambandi við undirritun á starfssamningi milli HSU, Sjúkratrygginga Íslands og augnlæknastofunnar Sjónlags. Augnlæknastofuna átti að opna í haust 2020 og hefur ítrekað frestast töluvert vegna Covid 19 faraldursins og tækin biða afhendingar bæði í Danmörku og Þýskalandi og fara ekki á stað til Íslands fyrr en starfssamningurinn verður staðfestur með undirritun fyrrnefndra aðila. Hjörtur Kristjánsson læknir við HSU í Vestmannaeyjum og Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri hafa lagt mikla vinnu í verkefnið með okkur og hafa stöðugt verið að ýta á eftir að HSU og Sjúkratryggingar Íslands og fá þessar stofnanir til að gera allt sem í þeirra valdi stendur svo hægt verði að opna augnlæknastofuna á þessu ári, þrátt fyrir ástandið í samfélaginu. Augnlæknastofan Sjónlag mun þjóna augnlæknastofunni sem verður búinn öllum nýjasta tækjabúnaði sem nú er krafist og mun sjá um þjálfun starfsfólks. Nýlega fékk HSU í Vestmannaeyjum styrk frá nýsköpunarverkefnasjóði Ríkisstjórnarinnar upp á kr. 9.950.000 vegna opunar augnlæknastofunnar



Eiturefnagalli



Friðrik Páll Arnfinnsson slökkviliðsstjóri

í Vestmannaeyjum og er styrkurinn ætlaður til kaupa á tölvubúnaði og samskiptalausnum ásamt því að nýtast við þjálfun starfsfólks.

Búið er að fullfjármagna verkefnið sem er upp á tæpar 25 milljónir króna. Alþjóða hjálparsjóður Lions úthlutaði í verkefnið alls 87.300 US dollurum eða um 12,4 milljónum króna og við umsókn í sjóðinn aðstoðuðu 4 lionsklúbbar af suðvesturhorninu okkur við að sækja um fullan styrk í verkefnið en hver klúbbur getur fengið að hámarki að andvirði 3 milljónir íslenskra króna. Þetta voru klúbbarnir: Lionsklúbbur Selfoss, Lionsklúbburinn Skjaldbreiður. Lionsklúbburinn Geysir og Lionsklúbburinn Víðarr. Þessir klúbbar styrktu allir verkefnið með því að leggja hver og einn 1000 US dollar í söfnunina eða sem nemur um 140.000 krónum. Þetta samstarf klúbba er ómetanlegt og gerir

okkur kleift að sameinast í umsókn til LCFI til að geta ráðast í svona stór og mikil verkefni. Vill Lionsklúbbur Vestmannaeyja þakka af allhug þessum klúbbum fyrir þetta samstarfsverkefni sem hefur gengið svona frábærlega vel. Meðal fyrirtækja í Vestmannaeyjum náðum við að safna rúmum 12 milljónum í verkefnið og notuðum við félagarnir þá beitu er við heimsóttum fyrirtækin að hjálpar-sjóðurinn kæmi með krónu á móti krónu þannig að settu þeir t.d 100.000 krónur í söfnunina þá kæmi LCFI með 100.000 krónur á móti. Þessi framsetning svínvirkaði og stærsta framlagið var upp á 5.000.000 króna og þá voru 2 fyrirtæki með 1.500.000 kr, eitt með 800.000 krónur, annað með 500.000 krónur og síðan 200.000 kr. Nokkuð mörg fyrirtæki með 100.000 krónur og síðan nokkur með minni upphæðir.

Klúbburinn var með í fræsöfnuninni í haust og skilaði inn nokkrum öskjum. Gleraugna-söfnunin gengur frábærlega vel. Við útbjuggum sjálfir okkar söfnunarkassa. Keyptum 2 stóra gegnsæja plastkassa í Húsasmíðjunni og festum á eldhúskolla og merktum í bak og fyrir



Skóflustunga tekin að nýrri slökkvístöð talið frá vinstri: Ágúst Óskarsson slökkviliðsmaður, Njáll Ragnarsson forseti bæjarráðs, Kristín Hartmannsdóttir form. Framkvæmda- og hafnarráðs, Friðrik Páll Arnfinnsson slökkviliðsstjóri, Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri og Ragnar Baldvinsson fyrrverandi Slökkviliðsstjóri.

með LIONS merkinu og fáum að hafa kassana í anddyri bæði Krónunnar og Bónus í Vestmannaeyjum. Tæmum reglulega úr söfnunarkössunum og eru þegar búnir að fylla 4 bananakassa af gleraugum. Við megum vera með söfnunarkassana í verslununum fram undir 10 desember n.k.

*Bestu kveðjur úr Eyjum
Sigmar Georgsson úr verkefnaneftun
Óskar Pétur Friðriksson fjölmiðlafulltúi og ljósmyndari LV*

Fréttir frá Lkl Kaldá

Við vorum svo heppnar að okkur barst stórgjöf 25 sjónvarpstæki sem við gáfum til 8 sambýla í Hafnarfirði, 4 til Hrafnistu Hafnarfirði, 1 í Hátún og 12 í Arnarskóla í Kópavogi.

Einnig afhentum við Mæðrastyrksnefnd matarúttekt í Fjarðarkaum með góðum stuðningi verslunarinnar.


Myndir frá afhendingu 15 sjónvarpa til Arnarskóla Kópavogi og afhendingu matarúttekta til Mæðrastyrksnefnar í Fjarðarkaupum.



Félagateymið er með nokkur útspil

Öflugt starf hefur verið í GMT teyminu. Í hópnum eru:
Geirþrúður Fanney Bogadóttir, GMT í fjölumdæminu,
Sigfríð Andradóttir, GMT konur í Lions í fjölumdæminu,
Íris Bettý Alfreðsdóttir, New Voices fulltrúi fjölumdæminu,
Jón Pálmason, GMT í umdæmi 109A,
Sigríður Guðmundsdóttir, GMT í umdæmi 109B.

Hópurinn hefur haldið fundi minnst einu sinni í viku og er með mjög líflega umræðu á lokaðri samfélagssíðu sinni. Verkefnum sem hafa verið í vinnslu verður lýst hér á eftir. Hópurinn er skipaður af stjórnendum, bæði með nýjum og reyndum aðilum.



Formenn félaganefnda í klúbbum (GMT)

Við teljum að lykिलinn að því að félögum fjölgi sé hjá klúbbunum og þess vegna teljum við nauðsynlegt að efla formenn félaganefnda í klúbbunum.

Handbók fyrir formenn félaganefnda í klúbbum – hefur verið þýdd af Andra Erni Víðissyni, Lkl. Njarðvíkur. Handbókin verður sett inn á www.lions.is og LIONS MÁL. Við munum fylgja henni eftir með fræðslu í samstarfi við GLT teymið.

Einnig höfum við útbúið einblöðung með hagnýtum upplýsingum fyrir formenn félaganefnda. Sjá næstu síðu. Næstu skref í því er að kalla þessa formenn á námskeið, virkja þá betur og óskum við eftir að klúbbar upplýsi hverjir þeir eru.

Netmál

Mikil vinna hefur verið lögð í að gera síðuna okkar www.lions.is meira lifandi og setja þar inn málefni líðandi stundar og bæta inn á viðburðadagatalið eftir því sem upplýsingar berast.

Enn er nokkur vinna eftir bæði við að uppfæra síðuna, setja inn efni á innri vefinn, uppfæra upplýsingar þar o.fl.

Hvernig aflar klúbbar nýrra félaga

Teknar hafa verið saman leiðbeiningar um hvernig klúbbar undirbýr sig og tekur á móti nýjum félögum, efnið byggir á fyrirmynd frá LCI sem heitir „Spurðu bara“.

„Spurðu bara“ eru leiðbeiningar fyrir inntöku nýliða. Inga Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyju og Sigríður Guðmundsdóttir, Lkl. Úu, þýddu og staðfærðu. Handbókin er inn á www.lions.is og LIONS MÁL.

New Voices

Tilgangur New Voices er að stuðla að fjölbreytileika og leitast við að fjölga konum, ungu fólki og nýbúum, í hreyfingu Lions. Við viljum fá

nýjar raddir í klúbbana. Íris hefur verið í sambandi við Hilmu Hólmsfríði Sigurðardóttur, verkefnastjóra fjölmenningsmála í Reykjanesbæ, í þeim tilgangi að kynna Lionshreyfinguna fyrir fólki af erlendum uppruna og koma á tengslum við fólk innan þess hóps.

Hópurinn tók þátt í ráðstefnu New Voices í Evrópu, sem haldin var á netinu 22. okt. Góð þátttaka var, bæði kvenna og karla víðsvegar að úr heiminum. Meðal ræðumanna var Guðrún Björt Yngvadóttir, fráfari alþjóðaforseti, formaður Alþjóðahjálparsjóðs Lions, LCIF, sem hélt erindi um Alþjóðahjálparsjóðinn. Áhugaverðar umræður og fræðandi ráðstefna.


Konur í Lions

Tilgangur GMT konur í Lions er að fjölga konum í hreyfingunni. Á Íslandi er hlutfallið nokkuð gott en í Evrópu er það, það lægsta í heimi. Aftur á móti er hlutfall kvenna í leiðtogahlutverkum í Evrópu í meðallagi sem við getum verið ánægð með. En alltaf má gera betur. Ýmislegt hefur verið reynt hér á Íslandi, t.d. héldum við í mörg ár einhvern viðburð fyrir konur 8. mars ár hvert. Var það ýmist í formi fyrirlestra og/ eða konukvölda með hinum ýmsu skemmtiatriðum, söng og dansi. Af augljósum ástæðum féll allt niður síðastliðið vor en vonandi verður hægt að taka upp þráðinn á næsta ári. Við í GMT hópnum erum þess fullviss að það er fullt af konum á öllum aldri sem myndu vilja ganga í hreyfinguna og munum því óspart hvetja klúbbana á landinu að nýta sér það efni sem hefur verið þýtt og staðfært sem verkfæri í að fjölga.

Staðan í félagamálum

Staðan í félagamálum er ekki uppörvandi. Þrátt fyrir stofnun Lionsklúbbsins Freyju sem var mikið fagnaðarefni, þá fækkar félögum okkar.

Þess vegna er mikilvægt að við höldum utan um félagana sérstaklega á þessum tímum þegar við getum ef til ekki starfað svo mikið.



Ljósi punkturinn er að flestir klúbbar sem reynt hafa að vera með fjarfundi eru ánægðir með það. En samt þarf að passa að það sé dagskrá eins og á öðrum fundum.

Hvetjum klúbbana til að undirbúa átak í félagaoöflun strax og ástandið léttir.



GLOBAL ACTION TEAM



Formaður félaganefndar klúbbs (GMT)

Valinn til eins árs

- Fyrrum formaður í klúbbum eða einhver áhugasamur og á sæti í stjórn klúbbsins.

Ákjósanlegir eiginleikar formanns félaganefndar

- Bera hag Lions og klúbbsins fyrir brjósti.
- Vera góð fyrirmynd og bjóða sjálfur nýjum félögum.
- Öflugur verkefnastjóri, góður ræðumaður og góður að útskýra hluti.
- Vera tölvufær.

Helsta verksvið

Sem GMT formaður félaganefndar klúbbs muntu vinna að draumi Melvin Jones - að sérhverri þörf sé hægt að mæta með Lions eða Leo. Með því að halda utan um félagana og ná nýjum félögum inn í klúbbinn þinn, ertu ekki aðeins að þróa nýja vináttu, heldur líka tryggja að klúbburinn þinn muni áfram vera í sterkri stöðu til að hlúa að samfélaginu. Þátttaka þín hefur áhrif.

Aðgerðir til árangurs

- Leiða félaganefnd í að framkvæma markmið klúbbsins í félagamálum og styðja við jákvæðan anda meðal félaganna. Að halda öllum í klúbbum upplýstum. Að hlusta á og ræða þau mál sem koma upp. Mikilvægt er að gæta trúnaðar.

- Vinna með formanni verkefnanefndar GST sem og öðrum nefndum klúbbsins í að efla tækifæri til féлагаöflunar.
- Hvetja alla félagsmenn til að taka þátt í félagafjölgun með því að þeir bjóði væntanlegum nýjum félögum. Fylgja því eftir að gestum sé boðið í klúbbinn og að tekið sé vel á móti þeim.
- Fá nýjum félögum hlutverk sem vekja áhuga þeirra.
- Tryggja nýjum félögum fræðslu, í samvinnu við fræðslufulltrúa GLT klúbbsins, um Lions og klúbbinn svo þeir skilji hvernig klúbburinn starfar innan umdæmis, fjöllumdæmis og Lions á alþjóðavísu.
- Vinna með GAT teymi umdæmisins að félagamálum, taka þátt í viðburðum á vegum umdæmisins og svæðisins.

Mælanlegur árangur

- Að fleiri félagar í klúbbum séu virkir en á síðasta starfsári t.d. mæting á félagsfundi, nefndarfundi og í verkefni.
- Að hafa samband við fyrrum féлага og ná að minnsta kosti einum eða tveimur aftur í klúbbinn.
- Fjölga félögum í klúbbum frá síðasta starfsári.
- Halda öllum félögum inni í klúbbum.
- Nýir félagar hafi tekið þátt í nýliðakynningu Lions.
- Staðið hafi verið fyrir að minnsta kosti einum kynningarfundi til að fjölga félögum.

Skýrslugerð

- GMT formaður félaganefndar skilar skýrslu til stjórnar klúbbsins sem síðan gerir grein fyrir henni á svæðisfundi.

Minning + Steinunn Bjarnadóttir



Kær félagi okkar er látinn og við minnumst hennar með þakklæti fyrir vináttu og vel unnin störf fyrir klúbbinn okkar. Steinunn var stofnfélagi Lkl. Kaldár og gengdi mörgum embættum í klúbbum, formaður, ritari, gjaldkeri og formaður fjölda nefnda. Hún gegndi öllum sínum störfum af einlægni og dugnaði, sannur lionsmaður. Steinunn lést 21. nóvember s.l.

Við vottum aðstaðendum hennar okkar dýpstu samúð.

*Lionsklúbburinn Kaldá
Jórunn Jörundsóttir formaður*

Í samræmi við starfsreglur og lög fjölumdæmis 109 vill fjölumdæmisráð koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga

Fjölumdæmis og umdæmisþing það 66. verða haldin á Akureyri dagana 14. og 15. maí 2021.

Framboð til embætta og tillögur skal taka fyrir á fjölumdæmis og umdæmisþingum 2021.

Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er samkvæmt lögum fjölumdæmis 109 .

- 1) Mál og / eða tillögur sem klúbbur og/eða klúbbar óska eftir að séu rædd á umdæmisþingi / þingi fjölumdæmisráðs skulu póstleggjast umdæmisstjóra / fjölumdæmisstjóra eigi síðar en 45 dögum fyrir umdæmisþing / þingi fjölumdæmisráðs.
(Síðasti skiladagur fyrir 66. Lionsþing er því 30. mars 2021).
Fjölumdæmisráð / umdæmisstjórnir fjalla um slíkar tillögur og gefa þeim álit.
- 2) Tillögur um framboð til embætta umdæmisstjóra, fyrsta og annars vara umdæmisstjóra fyrir starfsárið 2021 – 2022 skal senda kjörnefndum fyrir 15. febrúar 2021. Kjörgengi til embættis umdæmisstjóra hefur fyrsti varaumdæmisstjóri, kjörgengi til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra hefur annar varaumdæmisstjóri.
Um kjörgengi til embættis annars varaumdæmisstjóra segir í lögum Fjölumdæmis 109: Sá einstaklingur skal vera:
 - a) Starfandi Lionsfélagi og hafa staðið í skilum við klúbb sinn, enda sé klúbburinn einnig skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjölumdæmi 109.
 - b) Hafa tryggt sér stuðning síns klúbbs eða meiri hluta klúbba síns umdæmis.
 - c) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti sem formaður Lionsklúbbs og hafa setið í stjórn Lionsklúbbs í a.m.k. tvö önnur ár.
 - d) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti (svæðisstjóri, gjaldkeri/ritari) í umdæmisstjórn.
 - e) Ekki má gegna ofangreindum embættum (c og d) samtímis nema til komi undanþága frá Alþjóðastjórn.
- 3) Tillögur um framboð til embættis fjölumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2021 – 2022 og embættis vara fjölumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2021 – 2022 skal senda fjölumdæmisritara fyrir 15. febrúar 2021. Þeir einir eru kjörgengir til embættis fjölumdæmisstjóra sem hafa gegnt embætti vara fjölumdæmisstjóra og til embættis vara fjölumdæmisstjóra sem gengt hafa embætti umdæmisstjóra.
- 4) Á umdæmis og þingi fjölumdæmisráðs á Akureyri verður:
 - a) Kosið í embætti umdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2021 – 2022.
 - b) Kosið í embætti fyrsta og annars varaumdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2021 – 2022.
 - c) Kosið í embætti fjölumdæmisstjóra starfsárið 2021 – 2022.
 - d) Kosið í embætti vara fjölumdæmisstjóra starfsárið 2021 – 2022.

Einnig þarf að kjósa eða skipa í eftirtalin embætti fjölumdæmisráðs með framboðsfresti til 15. febrúar 2021:

- | | |
|-------------------------|--------------|
| e) GLT stjóri | 2021 – 2022. |
| f) GMT stjóri | 2021 – 2022. |
| g) GMT konur í Lions | 2021 – 2022. |
| h) GST stjóri | 2021 – 2022. |
| i) LCIF stjóri | 2021 – 2024. |
| j) Medic Alert stjóri | 2021 – 2024. |
| k) Formaður Laganeftdar | 2021 – 2024. |

Embætti sem þarf að kjósa um á þingi fjölumdæmisráðs en falla ekki undir framboðsfrest:

- l) Fjölumdæmisritari til eins árs,
- m) Fjölumdæmisgjaldkeri til eins árs,
- n) Tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara til eins árs.
- o) Aðrir þeir embættismenn sem ráðið telur nauðsynlega og skulu kosnir árlega.

Embætti í liðum 4e – 4o eru án skilyrða og opin öllum áhugasömum Lionsfélögum.

Mosfellsbær 26.nóvember 2020

Björn Guðmundsson Fjölumdæmisstjóri 2020 – 2021

Jónas Yngvi Ásgrímsson Umdæmisstjóri 109 A 2020 – 2021

Guðjón Andri Gylfason Umdæmisstjóri 109 B 2020- 2021

Fjáraflanir lionsklúbba í Covid

Kristinn Hannesson

LCIF verkefnisstjóri



Það má öllum vera ljóst að tækifæri til fjáröflunar eru talsvert færri í því ástandi sem nú ríkir, ekki bara á Íslandi heldur víðast hvar um heiminn. En þegar einar dyr lokast, þá opnast gjarnan aðrar og tækifærin eru svo sannarlega til staðar.

Víða um heiminn hafa klúbbar nótfært sér fjáröflun með hjálp internetsins, svokallaða „online fundraising“ eða „virtual fundraising“.

Það er hægt að gera á marga vegu og hér eru nokkur dæmi.

Facebook Fundraising

Einna vinsælast er Facebook Fundraising sem nokkrir klúbbar á hinum Norðurlöndunum og miklu víðar hafa nýtt sér með virkilega góðum árangri. Því miður er þetta ekki leyfilegt á Íslandi.

Vefverslun

Sumir klúbbar selja vörur á mörkuðum, eða ganga í hús, eða selja til fyrirtækja, jafnvel einhverjar vörur í áskrift. Margir þessara klúbba hafa komið upp heimasíðu þar sem þeir auglýsa sínar vörur og bjóða heimkeyrslu. Sumum klúbbum hefur tekist að ná sambandi við sína „föstu“ viðskiptavini og þannig náð að halda áfram með sína vörusölu.

Viðburðir á netinu

Klúbbar hafa staðið fyrir ýmsum menningarviðburðum, til dæmis tónleikum. Margir þessara klúbba gera þetta nú að netviðburði.

Vínsmökkun á netinu

Um það bil 200 mans tóku þátt í vínsmökkun á netinu. Þátttakendur greiddu ákveðna upphæð og fengu sendar nokkrar mismunandi tegundir af víni. Einungis var boðið upp á gæða vín. Boðið var upp á góða tónlist og veislustjórinn var þekktur vínsmakkarari.

Kvöldið tókst sérstaklega vel og hagnaðurinn rann til alþjóðahjálparsjóðsins.

Skál í botn

LCIF teymi ákveðins fjöllumdæmis stóð fyrir skál í botn skemmtun. Nokkrir vel þekktir aðilar voru fengnir til að flytja ávörp. Ákveðin tegund af snöfum var drukkin og greitt var fyrir hvert staup. Sá sem var síðastur að klára úr staupinu í hvert skipti þurfti að borga tvöfalt hærri upphæð en hinir.

Bjór kvöld

Við erum tvenn hjón á Íslandi og tvenn hjón í Noregi sem hittumst öðru hvoru á netinu og höldum bjórkvöld. Bjórinn kaupum við í vínbúðinni og seljum svo sjálfum okkur bjórinn á sama verði og hann myndi kosta á næsta bar. Mismunurinn hefur runnið til alþjóða hjálparsjóðsins.

47 af Íslendingum sem sóttu alþjóðaþing Lions í Las Vegas hittust á net skemmtikvöldi. Auk þess mættu 4 frá Noregi, 1 frá Finnlandi og 1 frá Sviss.

Tveir þekktir skemmtikraftar komu fram og gáfu sína vinnu. Þáttökugjaldi var 6.000 kr. á mann. Sumir greiddu eitthvað herra gjald og sumir greiddu auka gjald fyrir hvern bjór sem þeir drukku. Öll innkoman, tæp 700.000 kr. sem rann óskipt til alþjóðahjálparsjóðsins.

Persónuleg framlög

Nú þegar við erum ekki að mæta á klúbbsfundum „spörum“ við okkur fundargjaldið. Af hverju ekki að leggja þá upphæð sem við spörum fyrir hvern fund til góðra málefna.

Tækifærin eru mörg

Ég gæti haldið áfram að nefna fjölmörg dæmi um það sem klúbbar eru að gera vítt og breytt um heiminn. En ætla að láta þetta nægja í bili. Hver veit nema ég setja saman lista með þessum og fleiri hugmyndum. Fylgist með á lions.is og á facebook.com/Campaign100Island.

Tækifærin eru fjölmörg. Við þurfum bar aða vera með opin augun og grípa tækifærin þegar þau gefast.

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar hefur ekki setið Lauðum höndum undanfarna mánuði. Klúbburinn hefur fundað á ZOOM og haldið námskeið fyrir félagsmenn um forritið og notkun þess. Verkefnanefndin hefur fundað, bæði hist og heyrst í gegnum síma. Nefndin hefur staðið fyrir gleraugnasöfnun og fékk leyfi til að setja upp kassa bæði í Apóteki Mos og á Olís við Langatanga og vill koma þökkum til þeirra, tekið þátt í birkifræsöfnun og einnig hefur verið hvatt til hreyfingar gegn sykursýki týpu 2 og hefur verið farið í eina göngu og stendur til að fara í fleiri í vetur. Félagar hafa verið hvattir til að taka þátt í svæðisfundum og eigum við féлага í umdæmisstjórn sem og í fjöllumdæmisstjórn.

kveðja

Örvar Jóhannsson fjölmiðlafulltrúi Lkl.Mos



Frá Lionsklúbbi Laugardals

Eins og hjá líklega öllum Lionsklúbbum Landsins hefur starfið að miklu leyti verið með öðru sniði en venjulega. Covid19 hefur sett úr skorðum allt í þessu þjóðfélagi og hafa menn þurft að hugsa í lausnum á mörgum sviðum.

Lionsklúbbur Laugardals fór strax í vor að halda fundi á Teams og hafa nokkrir slíkir verið haldnir. Það hefur gengið nokkuð vel, mæting ágæt og við náð að ræða um þau verkefni sem lágu fyrir fundum hverju sinni. Líklega verður einhver bið í að við náum að koma saman í einum sal en þangað til brosum við bara út í annað og verum bjartsýn á að þessu linni brátt.

Klúbburinn hefur samt náð að gera ýmislegt og til að mynda ákváðum við að rjúka í verkefni sem við fengum fyrir skógræktina síðastliðið vor. Þar gátum við unnið án þess að vera í mikilli nálægð við hvern annan og mættum með verkfæri og vélar í átaksverkefni sem skilaði okkur ágætum pening í líknarsjóðinn. Kurl var sett á göngustíga í fjallshlíðinni, löguð ræsi á stígnum og tré sem voru felld á staðnum dregin í kurlun en skógræktin útvegaði traktor með kurlara. Notuð voru ýmis tæki í eigu félaga eins og t.d. 3 fjórhjól með kerrur, traktor, smágrafa ofl.

Í haust náðum við að taka þátt í fræsöfnuninni, við settum kassa í búðina fyrir gleraugnasöfnun og aðalmálið þetta haustið voru kaup á 2 veglegum bekkjum til að koma fyrir í grafreitnum hér á Laugarvatni og í kirkjugarðinn í Miðdal. Kvenfélag Laugdæla tók þátt í þessu með okkur og bekkirnir afhentir nú á dögnum sóknanefnd. Mikil ánægja með þá og gott að geta tekið þátt í svona verkefnum sem samfélagið nýtur góðs af. Lionsklúbburinn hefur einnig séð um slátt og hirðingu í grafreitnum á Laugarvatni á sumrin.

En hér á Laugarvatni hafa Lionsmenn til margra ára skreytt jólatré í svokölluðum Bjarnalundi og það gerðum við líka núna. Venjulega hefur verið kveikt á því með viðhöfn í tengslum við jólamarkað hér á staðnum en hann var felldur niður núna. Við sama tækifæri hefur Lionsklúbburinn einnig staðið fyrir kertafleytingu á vatninu og séð um tónlist tengt henni. Í ár var lítið fleytt af kertum, en aðeins þó, fjölskyldur komu saman og fleyttu Lionskertum í lokin á luktargöngu sem farin var um þorpið sem ratleikur. Skótuveisla Lions á þorláksmessu er orðinn fastur liður hér í samfélaginu en í ár verður hún felld niður eins og svo margt annað. Það er synd því mjög góð mæting hefur verið á hana og farið vaxandi ár frá ári.

Já það er engin lognmolla hjá okkur á Laugarvatni og á síðasta fundi tókum við inn 3 nýja félaga og bjóðum þá hér velkomna í



Sláttur og hirðing í grafreitnum á Laugarvatni.



Unnið að stígagerð fyrir skógræktina.



Bekkir afhentir í kirkjugarða. Lilja Dóra Óskarsdóttir formaður sóknanefndar situr en að baki hennar eru Níels Bjarki Finsen formaður Lions og Halla Rós Arnardóttir formaður kvenfélagsins.



Lionstréð tendrað, varðeldur í tengslum við luktargöngu.



Kertafleyting á vatninu, ein fjölskyldan með sín kerti.

hreyfinguna. Auk þeirra eru 2-3 orðinir volgir þannig að það gæti verið um þó nokkra viðbót að ræða í vetur ef fer sem horfir. Í dag eru 30 manns skráðir í klúbbinn og flestir vel virkir í starfinu.

Við óskum öllum Lionsmönnum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

Megi bestu Lionskveðjum frá Laugarvatni
Pálmi Hilmarsson
Ritari Lionsklúbbi Laugardals.



Að bæta sýn og vellíðan í Palestínu

Eftir Jamie Weber

Í Palestínu hefur skortur á augnumönnun sem oft er rakinn til fátæktar og takmarkaðs aðgangs að heilbrigðisþjónustu, valdið óeðlilegum persónulegum og fjárhagslegum erfiðleikum. Lionsfélagar sjá vandamálin sem þetta veldur samfélögum sínum og með stuðningi frá SightFirst verkefni LCIF eru þeir að breyta þeim veruleika.

Lionsfélagarnir eru staðráðnir í að bæta heilsu íbúa samfélagsins og vellíðan og nota til þess 426.655 dollara SightFirst styrk LCIF. Þeir vinna verkefnið í samstarfi við St. John's Eye Hospital Group (SJEHG), helstu heilbrigðisstofnun heilbrigðisyfirvalda Palestínu og þá einu þar um slóðir sem Hjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir flóttamenn í Palestínu vinnur með.

SJEHG skoðar og meðhöndlar 128.000 manns árlega en gerir jafnframt meira en 5.000 stærri skurðaðgerðir. Því miður er þörf mun meiri og SJEHG í Austur-Jerúsalem, Hebron, Anabta hafa ekki getað annað þeirri þörf. Auk þess hefur verið mikill skortur á háþrúðum búnaði sem skiptir sköpum fyrir flóknar aðgerðir.

Í samvinnu við SJEHG og stjórn LCIF hafa Lionsfélagar hafið tveggja ára verkefni til að auka þjónustugetuna og auk þess að útvega bestu fánlegu lækningatæki til að auka afkastagetuna og gæði þjónustunnar. Um leið og þeir hafa umsjón með verkefninu vinna lionsfélagar einnig að því að auka sýnileika verkefnanna í nærumhverfinu og skipuleggja fjáröflunarviðburði. Þá hafa lionsfélagar sem eru sérfræðingar á ýmsum sviðum læknisfræðinnar veitt ómetanlega tækniráðgjöf.

Á fyrsta árinu gerði verkefnið næstum 11.000 sjúklingum til viðbótar kleift að fá umönnun sem breytir lífi þeirra og er meira en 4.000 umfram það sem áætlað var. Til að geta haldið áfram að veita sjúklingum lífsnauðsynlega umönnun meðan COVID-19 stendur yfir juku sjúkrahúsir fyrirbyggjandi ráðstafanir. Að auki forgangsriðuðu sjúkrahúsin þeim sem voru með sjónhimnusjúkdóm, þar sem þeir eru í mestri hættu á að fá óafturkræfan sjónskerðingu ef þeir fá ekki meðferð í tíma.

Heyrum hvað Khawla hefur að segja:

„Ég vil ekki hugsa um hvað hefði getað gerst,“ sagði Khawla, 66 ára ekkja í Beit Sahour, Palestínu. Greind með sjónhimnusjúkdóm, Khawla þurfti bráðaaðgerð, sem hún fékk hjá SJEHG. „Þetta Lionsverkefni bjargaði sjón minni og að mörgu leyti lífi mínu.“

Heyrum hvað Naima hefur að segja:

Hinn 54 ára gamli Naima, í Betlehem, var með alvarlega sjónskerðingu af völdum sykursýki og veruleg hættu var á að hann missti sjónina alveg. Hann var hræddur við framtíðina, hræddur um að geta ekki séð 10 börnum sínum farborða. En komst hann loksins í skurðaðgerð hjá SJEHG.

„Ég væri orðin blindur núna,“ sagði Naima. „Þeir björguðu sjón minni.“

Meiri upplýsingar um sjónverndarverkefnið SightFirst er að finna á <https://www.lionsclubs.org/en/give-our-focus-areas/vision/sightfirst>

Þýðing: Kristinn Hannesson



Lionsklúbbur Hafnarfjarðar

*Hvítum töfrum falda fjöll
Feigð að blómum setur.
Byggir glæsta gerfihöll
Gamli karlinn vetur. VB*



Á haustdögum í sept. 2019. Ljós: Fhg

Þannig getum við séð vetrarkomuna koma til okkar í rólegheitum með öllu þeim ljóma sem veturinn hefur uppá að bjóða og því starfi sem hreyfing okkar býður okkur upp á, til að starfa af áhuga og að aukinni velferð byggðarlags okkar á sviði félagsmála, menningar og almenns siðgæðis og tengja um leið vináttu og gagnkvæman skilning eins og segir í markmiðum Lions klúbba. Klúbbstarfið hefur gengið brösuglega í vetrarbyrjun eins og hjá öðrum félagsamtökum vegna Covid-19 þessa skæða vírus sem herjað hefur á landsmenn undangengna mánuði. Fyrsti fundur okkar í september var á nýjum stað, nú höldum við fundi í Kænunni, niður við Hafnarfjarðarhöfn, sem er ágætis staður en nokkrir okkar sakna verunnar í Haukahúsinu, þar sem við vorum með fundi í nær sex ár. Við fórum á stað með sölu á Gaflaranum okkar í september sem gekk



Helgi í Góu sæmdur Melvin Jones viðurkenningu. L: BP



Guðrún Björt Yngvadóttir heiðraði Geir Hauksson með forsetaorðunni. Ljós: BP



Guðrún Björt Yngvadóttir afhendir Borgari Hjörleifi Árnasyni Melvin Jones viðurkenningu. Ljós: Björgúlfur P.

þokkalega þrátt fyrir að ekki var leyfilegt að vera með sölu í verslunarmiðstöðum, salan var að stórum hluta hjá fyrirtækjum sem ávallt hafa stutt okkur dyggilega í gegnum árin. Við höfum veitt styrki til nokkurra félaga, við færðum Hrafnistu í Hafnarfirði tvo hvíldarstóla og fótanuddtæki. Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar fékk mjög góðan fjárstuðning í formi innkaupakorta sem keypt voru í Fjarðakaupum, ásamt mótfamlagi þeirra, sem einnig var í formi innkaupakorta. Afhending kortanna fór fram við Víðistaðakirkju í þriðju viku í nóvember í björtu vetrarveðri. Í lok sumars var framhaldið fjölumdamisþingi frá því í vor í Mosfellsbæ þar sem fráfarandi Fjölumdamisstjóri Ellert Eggertsson veitti viðurkenningar fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Góður vinur okkar í LKH.



Ellert Eggertsson færði Friðgeiri H. Guðmundssyni viðurkenningu fyrir útskorið Lions merki á ræðustól Fjölumdamisins í Hlíðarsmára. Ljós: BP



Við Þingvallavatn í október. Ljós: Fhg

Helgi Vilhjálmsson, forstjóri í Góu var sæmdur Melvin Jones viðurkenningu. Helgi hefur stutt vel við unga sem aldna og það eru mörg íþróttafélögin sem Helgi hefur stutt dyggilega við. Við þökkjum öll ötulana stuðning Helga við eldri borgara landsins, einnig stuðning hans við Lionshreyfinguna, fyrir það ákvað fjölumdamíð að gera Helga að Melvin Jones félagi. Annar ágætur Hafnirfjörður, Borgar Hjörleifur Árnason hlaut Melvin Jones viðurkenningu við sama tækifæri en hann hefur hannað alþjóðamerki Lions hreyfingarinnar sl. fjögur ár, einnig hefur hann séð um hönnun og prentun á félagatali okkar í LKH. Forsetaorðan var veitt félagi okkar Geir Haukssyni en hann hefur starfað í alþjóðastjórn og hefur unnið vel fyrir Lions hreyfinguna á liðnum árum. Svavar Gestur var fyrstur Lions félagi til að fá þessa viðurkenningu en það var árið 1986. Við fengum góða gesti í heimsókn á síðasta fundi okkar í september en það voru félagar frá Björgunarsveit Hafnarfjarðar. Þeir sögðu okkur frá og sýndu myndir frá því ferli er leitarhundur er keyptur og þar til hann er orðinn full þjálfður til leita.

Við vorum með fjarfund í nóvember sem tókst með ágætum og voru margir sem tengdu

sig inná fundinn. Senn líður að jólum, aðventan byrjuð. Undir venjulegu árferði væri fólk farið að leggja leið sína á jólahlaðborð. Undirbúningur jóla er kominn á fullt skrið með öllu sínu tilstandi. Smákökur eru bakaðar og jafnvel skorið út í laufabrauð, Langt fram á 20. öldina var það bara á jólum sem hægt var að fá epli og appelsínur. Við sem eldri erum munum eftir eplalyktinni, í huga okkar barnanna voru jólin komin þegar eplakassinn var opnaður, mikið voru eplin fallega rauð og góð á bragðið. Þorlákur helgi er enn í minnum hafður, þá fara menn jafnan að skreyta jólatréð, kaupa jólagjafir og enda svo á að borða kæsta skötu.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar óskar öllu Lions fólki Gleðilegra hátíðar árs og friðar.

*Friðgeir H. Guðmundsson
Bláðafulltrúi LKH.*



Ásta Eyjólfsdóttir og Áslaug Ólöf Kolbeinsdóttir frá Mæðrastreksnefnd tóku á móti innkaupakortum frá LKH og Fjarðarkaupum.
Ljóm: G. Kristinn J.



Minningarkort Lions



Eins og við flest vitum eru takmarkanir á því hversu margir mega vera viðstaddir jarðarfari sem og aðra viðburði en það breytir því ekki að við hugsum til aðstandenda og hvornig við getum vottað þeim samúð okkar og sýnt þeim hug okkar. Ég hef sjálf verið í þessari stöðu nokkrum sinnum undanfarið.

Ég vil því minna á minningarkort Lions af því að þau geta vissulega létt á hjarta okkar og verið í leiðinni okkar leið til að minnast og gefa af okkur.

Ef einhver hefur velt þessu sama fyrir sér er auðvelt að nálgast kortin inni á www.lions.is og fylla þar út þær upplýsingar sem þarf og þann texta sem við viljum að fylgi.

Starfsfólk Lions skrifstofunnar, útbýr síðan minningarkortið og sendir í pósti til viðtakanda. Ég efast ekki um að það sé líka hægt að hringja á skrifstofuna og fá hjálp.

Sigríður Guðmundsdóttir GMT félagafulltrúi 109B

Frá Lionsklúbbi Seyðisfjarðar

Á gætu Lionsfélagar um land allt, Seyðisfjörður hefur í gegn um aldirnar togað til sín frumkvöðla og framtakssamt fólk. Fyrstur kom til bæjarins Ísólfrur landnámsmaður og segir í 80. kafla Landnámsbókar (Sturlubókar): „Bjólfrur fóstbróðir Loðmundar nam Seyðisfjörð allan og bjó þar alla ævi; hann gaf Helgu dóttur sína Áni hinum ramma, og fylgdi henni heiman öll hin nyrðri strönd Seyðisfjarðar til Vestdalsár. Ísólfrur hét sonur Bjólfrs, er þar bjó síðan og Seyðfirðingar eru frá komnir.“

Seyðisfjarðarkaupstaður ber þess merki að hafa byggst upp að stærstum hluta fyrir, um, og eftir þar síðustu aldamót. Flest húsin í bænum eru innflutt norsk timburhús sem komu tilhöggvin og átti bara eftir að þúsla þeim saman. Talað um katalókhús. Norskir síldarspekúlantar voru frumkvöðlar í árdaga og vísast þar einkum til Ottós Wathne, sem kom hingað fyrst um 1870 eins og lesa má um í minningargrein um hann sbr. Mbl. 13. ágúst 2013: „... þriðja sinn er Ottó kom til landsins, 1880, var hann kominn til að vera, settist þá að á Seyðisfirði, reisti sér þar glæsilegt íbúðarhús og starfrækti þar um nær tveggja áratuga skeið blómlega verslun og umfangsmikla síldar- og þorskútgerð. Síðustu tveir áratugir nítjándu aldar voru miklir uppgangstímar á Seyðisfirði sem fékk kaupstaðarréttindi 1895. Það var ekki síst Ottó að þakka sem innleiddi þar ýmsar nýjungar í atvinnulífi og menningu og stórbætti samgöngur með lagningu vega og gufuskípaferðum. Ottó byggði m.a. fyrir eigið fé, fyrsta vitann á Dalatanga í því skyni að auðvelda siglingar til Seyðisfjarðar. Vitinn var reistur 1895 en síðan starfræktur fyrir fé úr Landssjóði. Ottó lést 1898. Hans var sárt saknað af Austfirðingum og tveimur árum eftir andlát hans reistu Seyðfirðingar honum minnisvarða sem stendur við Fjarðarárbrú.“ Mörg hús standa enn frá þeim tíma er Ottó Wathne réð ríkjum á Seyðisfirði.

Í kjölfar Wathnes komu svo framkvæmdamenn eins og Stefán Th. Jónsson en um hann segir: „Árið 1882 hóf Stefán verslunarnám í Norskubúð, sem hét Det Norske Komagnies Handel fullu nafni, en var kölluð Norskubúð. Tveimur árum síðar sigldi hann til Noregs með aleiguna, 315 krónur. Hann dvaldi í Stafangri í tvö ár við úrsmíðanám og lauk sveinsprófi í þeirri iðn. Heim kominn 1886 settist Stefán aftur að á Fornastekk á Seyðisfirði, þar sem hann stundaði í fyrstu úrsmíðar og fór þá þegar að versla með klukkur og gjafavörur. Tveimur árum síðar var Stefán kominn í hreppsnefnd. Árið 1890 var hann hvortveggja orðinn oddviti og hreppstjóri og sama ár átti hann þátt í stofnun



Sesselja til vinstri og Cecilia til hægri

Sparisjóðs Seyðisfjarðar og var í stjórn hans“ Enn segir af Stefáni: „Þáttaka Stefáns í útgerð hófst 1898 með því að hann var meðal þeirra sem stofnuðu Fiskveiðifélagið Garðar á Seyðisfirði. En sú útgerð leið undir lok um aldamótin 1900. Í ársbyrjun 1904 keypti Stefán í félagi við Sigurd Jónsson 31 feta langan, opinn mótorbát, sem jafnframt var fyrsti mótorbátur Austfirðinga. Baturinn hét Bjólfrur eins og útgerðarfélagið. Enn voru færðar út kvíarnar 1905 þegar Stefán hóf bátasmíði í félagi við Friðrik Gíslason úrsmíð. Pantanir bárust í nokkra báta og reyndust vel. Í fyrstu voru bátarnir smíðaðir undir beru lofti, en næsta skref var bátasmíðja; þaðan var fyrsti báturinn sjósettur í janúar 1906.

Árið 1911 átti Stefán sjö mótorbáta, hlut í gufuskípi, fiskverkunarhúsin Liverpool og Evanger ásamt hafskípaþryggjum, fjögur lifrabræðsluhús, hálfnt nótag, bátasmíðju, fjölda geymsla og útihúsa, en þar að auki íbúðarhúsin Nóatún, Stefánshús og Stefánsbúð (nú Bjólfsgata 7).“


Ekki létu þessir frumkvöðlar sér nægja að sækja sjóinn og stunda verslun. Þeir voru líka í menningunni. Þannig er greint frá á Wikipediu: „Í samvinnu við Sigurd Johansen stofnaði Stefán til útgáfu á blaðinu Bjarka, en jafnframt var byggt hús fyrir prentsmíðju með íbúð fyrir ritstjórnann, sem var skáldið Þorsteinn Erlingsson. Þorsteinn Gíslason varð meðritstjóri aldamótaárið og tók einn við ritstjórninni, en blaðið (svo) var haldið úti í fjögur ár til viðbótar. Það var síðan allöngu síðar,



Norðurgata, hér hafa dugnaðarforkar tekið til hendinni



Sunnuhvöll, endurbyggt af Erling Arnari Óskarssyni og Lucindu Svövu Friðbjörnsdóttur



Texti um Ottó Wathne


árið 1919, að Stefán réðst í nýjan blaðaslag; nú ásamt Eyjólfí Jónssyni og Jóni Jónssyni bónda í Firði. Þá hófst útgáfa Austurlands undir ritstjórn Guðmundar G. Hagalín. Fyrsta blaðið kom út 1. janúar 1920, en á nýju sumri 1922 hætti blaðið að koma út og tók við blaðið Austanfari, sem síðar hét Hæsir og kom út til 1930.“

Upp úr aldamótum 1900 var mikill menningarbragur á Seyðisfirði og má þakka það fyrrnefndum frumkvöðlum. Í þeirra fótspor fetuðu svo ýmsir merkir menn. Á Vestdalseyri var mikil byggð og raunar nokkrir sterkir byggðakjarnar í hinum unga kaupstað. Ekki vantaði upp á menninguna. Reknar voru 2 prentsmiðjur í bænum, gosverksmiðja var hér. Söðlasmiðir, skósmiðir, gull- og úrsmiðir stunduðu sín iðju. Skaftfell var reist.

Enn um stundir býr Seyðisfjörður (nú svefndeild í Múlþingi) að framtaki einstaklinga hvað varðar atvinnulíf og menningu. Norrönna siglir á milli Seyðisfjarðar og Danmerkur með viðkomu í Færeyjum alla fimmtudaga á sumrin og má eflaust þakka það að stórum hluta framtaki Jónasar Hallgrímssonar. Ferðapjónusta er með miklum blóma (að öllu jöfnu þegar ekki gilda fjöldatakmörkin vegna sóttvarna). Af vettvangi ferðapjónustu má nefna, Farfuglaheimilið (Þóra Guðmundsdóttir), Hótel Ölduna (húshótel Alla Borgþórs o.fl.), Hótel Snæfell og Lárúna (framtak Eyþórs heitins Þórissonar). Menningarfrumkvöðlar eru svo ýmist innlendir eða erlendir og má nefna danina Lars og Jonathan, sem hafa verið stórtækir og gert upp hús og annað bæði til íbúðar fyrir sig og sína og eins fyrir Lungaskólann (Lungahátíðin aftur Alla Borgþórs, Björt Sigfinns, Halldóra Malin o.fl.) Nýlega endurvöktu þær stöllur



Skyldulið og starfsfólk Wathnes á lóðinni framan við Frederiksenhús skömmu fyrir aldamótin 1900



Skrúðganga á leið yfir Fjarðarárbrú á minningarhátíð um Ottó Wathne.

Sesselja og Cecilia gamla kvikmyndasali í Herðubreið undir nafninu Herðubíó, auk þess að annast rekstur hússins. List í ljósi er meðal nýrra listviðburða. Svona mætti áfram telja og er beðist velvirðingar ef gleymist að nefna einhverja hér sem eiga skilið umfjöllun.

Lýk ég svo óði þessum til einkaframtaksins, en vitanlega hafa að einhverju marki komið utanaðkomandi styrkir til verkefna. Eftir sem áður væri líklega ekkert af þessu til staðar ef ekki væri fyrir eldhugana sem nefndir eru til sögu og aðra sem mögulega eru gleymdir.



Þessi hugleiðing er ekki 100% á sagnfræðilega vísu og „hvarvetna Þess es missagt es í fræðum þessum, skal hafa hitt es sannara reynisk.“



Seyðisfirði, 17. nóvember 2020.
F.h. Lionsklúbbs Seyðisfjarðar
Lárus Bjarnason, fjölmiðla ftr.

Björgum börnum frá mislingum

Desember – myndasíður

Hér má finna ýmsar myndir sem lionsfélagar hafa tekið. Ekki eru allir myndasmíðir þekktir en hér eru myndir frá: Brynju Finsen, Jóhanni Birni Arngrímssyni, Önnu Blöndal, Guðmundi Jónssyni, Bryndísi Ragnarsdóttur, Dagný S. Fimmsdóttur, Tryggva Kristjánssyni, Þorsteini Ólafssyni, Sigríði Guðmundsdóttur, Írisi Bettý, Sigmari Georgssyni, Lárusi Bjarnasyni, Páli Brynjari Pálssyni, Friðgeiri Guðmundssyni og Guðmundi Valtýssyni.







Lionsklúbburinn Ásbjörn

Lionsklúbburinn Ásbjörn afhenti í dag 6 aðilum jólaglaðning. Mæðrastyksnefnd Hafnarfjarðar fékk 22 úttektarkort í Bónus og jóladagatöl fyrir börnin. Björgunarsveit Hafnarfjarðar 2 GPS tæki, Fjörður, Íþróttafélag fatlaðra tæki til íþróttaiðkunar, MS Setrið fékk 4 hvíldarstóla, Alzheimersamtökin fjárstyrk og sjónvarp og kaffivél voru gefin til Sambýlisins í Steinahlíð 1. Við þökkum þeim sem hafa gert Lionsklúbbum kleift að láta gott af sér leiða og óskum viðtakendum alls hins besta.

